

HÁTÍSKA OG UMHVERFISMÁL GETA FARIÐ SAMAN

„Allt okkar lífer sjúkt af ofneyslu“



Bergþór Bjarnason Francheteau á einni af fjölmörgu brúm Signu í París með eina hlíð Louvre-safnsins í bak-sýn. Þar hitti Bergþór, manninn sinn, Olivier á sólríkum sunnudegi fyrir þrettán árum.

Vestmannaeyingurinn Bergþór Bjarnason hefur í fjölmörg ár verið búsettur í Frakklandi og unnið hjá nokkrum af þekktustu tiskuhúsum heims. Hann er ástríðufullur fagurkeri og umhverfissinni. Það varð til þess að hann stofnaði nýverið eigin netverslun þar sem seldir eru vandaðir hátískufylgihlutir, unnir á sjálfbæran hátt og engar dýraafurðir eru notaðar í framleiðsluna.

Umsjón: Steingerður Steinarsdóttir
Myndir: Úr einkasafni

Bergþór er menntaður í íslensku og fjölmiðlafræði og hefur skrifað skemmtilega pistla í íslensk blöð og haldið úti áhugaverðu bloggi. En hvernig stóð á því að hann fluttist til Frakklands og hvernig lá leið hans inn í heim hátískunnar? „Leita þarf langt aftur til þess að skýra hversu sterka löngun ég hafði að kynna Frakklandi,“ segir Bergþór. „Ég hef oft sagt þessa sögu en hún er alveg sönn, lítill horfði ég dáleiddur á franskar bíómyndir í sjónvarpinu á föstudags- og laugardagskvöldum. Oft sögur um ástir og tilfinningar með miklum átökum „à la française“, myndi einhver segja. Mér fannst þetta tungumál eins og tónlist, eins og dýrindis símfóniur. Mig langaði svo mikið að tala frönsku að ég bullaði tóma vitleysu með því sem ég hélt vera franskur hreimur.“

Seinna eftir háskólanám skrapptu ég til Parísar og þá var ekki aftur snúið. Þetta var á árunum 1993-1994 og ekkert allt of mikið

af stöðum í boði í fjölmiðlum. Mér datt því í hug að fara til Frakklands og læra frönsku og þannig láta gamlan draum rætast. Svo fann ég aldrei leiðina heim. Í París reyndi ég að nota þá reynslu sem ég hafði, vann fyrst í eldhúsi á

„Reyndar hef ég alltaf sagt að ég hafi ekkert sérstaklega mikinn áhuga á tísku en hún hefur alltaf límt sig við skóhælinn á mér eins og tyggjóklessa.“

veitingastað en fór svo að þjóna, það hafði ég gert áður, á sama tíma skrifaði ég greinar fyrir íslensk tímarit, m.a. fyrir Víkuna.

Seinna byrjaði ég að starfa hjá H&M í París sem var þá nýtt fyrirtæki þar en heima hafði ég unnið í tiskubúð fyrir og með námi. H&M kom inn á franskan markað eins og sprengja

og í versluninni á rue de Rivoli þar sem ég var myndaðist biðröð á laugardögum og þurfti að hafa öryggisverði og hleypa inn í hollum. Á laugardögum var veltan rúmlega milljón franka. Konur féllu í yfirlið, fólk reifst um plássið í biðröðum við kassana og á kvöldin var meira eða minna það sem eftir var á gólfinu og þá þurfti að bretta upp ermarnar og brjóta saman. Eftir H&M lá leiðin í litla japanska búð sem var að syngja sitt síðasta en ég gat notað titilinn verslunarstjóri. Eftir lokunina reyndi ég fyrir mér á ráðningarstofum og fljótlega var ég farinn að vinna í finum búðum og fyrsta virkilega fina tiskuhúsið sem ég vann í var Prada sem árið 2001 opnaði flotta verslun í Madelaine-hverfinu ekki langt frá Óperunni. Þá upplifði ég í fyrsta sinn að vera klæddur upp á áður en ég mætti í vinnu. Ég á enn mokkaþús sem ég fékk sem vinnuskó á þessum tíma, einhver hljóta gæðin því að hafa verið.“

TÍSKAN LÍMD VIÐ SKÓHÆLINN EINS OG TYGGJÓKLESSA

Þrátt fyrir þessa velgengni og hraða för upp metorðastigann var það tískan sem valdi Bergþór fremur en hann hana. „Reyndar hef ég alltaf sagt að ég hafi ekkert sérstaklega mikinn áhuga á tísku en hún hefur alltaf límt sig við skóhælinn á mér eins og tyggjóklessa,“ segir hann. „Tískan hefur fylgt mér síðan og þegar að ég var að hugsa um að koma heim aftur í árslok 2004 og upphafi 2005 hafði ég samband við nokkra fjölmiðla, bæði blöð og útvarp í leit að vinnu. Upp úr því hófst samstarf við Fréttablaðið sem stóð í sjö ár, eða allt til ársins 2012, og það fyrsta sem fólki datt í hug var að bjóða mér að skrifa pistla um tísku. Ég var eini pistlahöfundurinn á Fréttablaðinu sem lifði af hrúnið árið 2008 því allt var þá skorið burt sem hægt var. Ég vildi skrifa um þjóðmál og pólitík, hafði fylgst vel með í Frakklandi og séð eitt og annað en það kom aldrei til.

Tískuhúsin fylgdu svo í kjölfarið eitt af öðru svo sem YSL og Chanel en það sem mér fannst skemmtilegast var um tíma þegar ég var að vinna á „showroom-i“ Lanvin þegar Albert Elbaz var að slá í gegn, og selja fram í tímann komandi tískulínur í kringum tískusýningarnar. Síðustu þrjú árin í París var ég verslunarstjóri hjá Valentino.“

SÓUN, EITUR OG OF MIKIÐ KJÖTÁT

Nú hefur þú opnað vefverslun með umhverfisvæna fylgihluti sem meira að segja hentar vegan-fólki. Af hverju ákvaðstu að fara út í slíkan rekstur? „Tískuheimurinn, eða kannski öllu heldur tiskuiðnaðurinn, er gríðarlega mengandi iðnaður þar sem ekkert er til sparad á kostnað umhverfisins og þeirra sem að koma. Til að rækta bómull þarf þúsundir lítra af vatni, í leður þarf lit sem er ekki það saklausasta sem í umhverfið fer, í loðfeld eru tugir dýra ræktuð og aflífuð fyrir feldinn einan og svona mætti áfram telja. Reyndar hef ég oft heyrt sagt að loðfeldur sé með uppréttum hárum vegna þess að dýrið sé svo hrætt rétt fyrir aflífunina að hárið stendur stíft.

Ég man hvað ég var hneykslaður á því hjá Chanel rue Cambon í París sem er flaggskip Chanel-veldisins, þegar töskur voru seldar var þessum finu pappaboxum hent til að setja töskurnar í finni box sem voru aðeins notuð í Cambon-götu þar sem Coco Chanel hóf feril sinn. Mér finnst frábært að fylgjast með hönnuði eins og Stelli McCartney sem frá upphafi neitaði að nota dýraafurðir í hönnun sína. Fyrir nokkrum árum fór hún svo að gera umhverfisskýrslu um starfsemi tiskuhúss síns, vinna að því að finna leiðir til að draga úr mengun, stytta flutningsleiðir og vinna með efnaverksmiðjum sem virða umhverfisstaðla.

Mörg af meðaldýrum merkjum framleiða töskurnar og fleira í Kína. Það þarf svo sem ekki að fara mörgum orðum um hvernig er staðið að leður- eða vefnaðarframleiðslu víða í Asíu þar sem litarefni rennur út í næstu á og heilu þorpin eru með sama

Bakpoki úr vegan-leðri frá ítölsku systrunum Kweder sem búa á Sikiley. Þær vinna eins og allir hönnuðir Vegan Vogue með fyrirtækjum og handverksmönnum á heimaslóðum. Þannig er mengun lágmörkuð og ekki verið að flytja langan veg það sem til þarf. Hver taska er algjörlega handgerð og mynstrið er ættað úr ítalskri mósaíkskreytingalist fyrri alda.



Fantôme (orðið þýðir draugur á frönsku) er fjölskyldufyrirtæki í Bordeaux sem notar einungis notaðar reiðhjólslöngur í töskurnar sínar. Alveg upplagt fyrir íslenskar aðstæður þar sem að endurrunni slöngurnar þola rigning og snjóþyl eins og ekkert sé. Á myndinni er ein vinsælasta taskan frá hönnuðinum, Roulier, sem er upplögð í helgarferð eða íþróttir.

krabbameinið. Ég man eftir einu ónefndu amerísku tiskufyrirtæki sem ég vann fyrir og stundum þegar vörunar komu sveið starfsfólk í nefið. Hvað haldið þið að hafi verið í þessu leðri? Ekki veit ég það en eitthvert eitur var það, getur ekki annað verið. Svo var það kjötið sem smám saman varð einhvern veginn eitthvað sem ég vildi ekki lengur. Þegar maður fer að hugsa um þetta kjötát og framleiðsluna þá er bara ekki hægt að láta eins og ekkert sé. Með því að minnka kjötneyslu er hægt að stórlækka kolvetnisútblástur í heiminum. Þegar allt þetta kemur saman fór ég að hugsa hvernig væri hægt að sameina reynslu mína úr tiskunni og löngun til að breyta til betri vegar. Það er ekkert nauðsynlegt að nota leðurtöskur og sífellt fleiri blanda sér í skóframleiðslu og tiskufframleiðslu án dýraafurða. Þetta var kveikjan að Vegan Vogue.“

FALLEGT, STERKT OG UMHVERFISVÆNT

Vegan Vogue býður upp á hátískuhönnun. Segðu okkur aðeins frá hönnuðunum sem eiga vörur á síðunni? „Þegar ég hóf undirbúninginn ætlaði ég einungis að selja franska framleiðslu enda tiskuhugtakið með sterka tengingu við Frakkland. Svo komst ég að því að í þessum málum eru Frakkar á eftir eins og á svo mörgum öðrum sviðum umhverfismála. Ég endaði því með að leita til Ítalíu og í bili býð ég upp á þrjú frönsk merki og eitt ítalskt. Eitt franskt er væntanlegt í viðbót á næstunni en of snemmt að segja meira um það.

Fyrsti hönnuðurinn til að segja já var Jean Louis Mahé en bak við það nafn er ung kona sem býr nálægt Aix en Provence, Virginie Barbier. Nafnið á tiskuhúsinu er nafn afa hennar frá Bretagne-skaga sem í æsku kenndi henni að virða náttúruna. Fyrstu töskurnar



Bergþór og Olivier í Cannes : Í smásögu Svövu Jakobsdóttur, Gefið hvort öðru, heggur brúðurin aðra höndina til að hlýða prestinum og gefa brúðgumanum hönd sína. Við skiptum ekki á höndum þegar við giftum okkur í Landakirkju í Vestmannaeyjum en gáfum hvor öðrum eftirnafn. Olivier bætti Bjarnason við og ég Francheteau.

„Þetta var einn sunnudag fyrir margt löngu, í ágúst 2005, það vildi enginn fara í síðdegisgöngu í sólinni þó að lítið væri eftir af sumrinu og því fór ég einn niður að Signubökkum. Þar fórum við að gefa hvor öðrum auga.“

hennar komu á markað í september fyrir tæpu ári og eru í hágæða flokki eins og finustu tiskuhúsi bjóða. Virginie vinnur með veganleður úr bómull og míkrofíberþráðum og fóðrið er úr bambus og endurunnu póliester eins og margir í veganframleiðslu nota því að flestir hugsa um dýr og náttúru á sama tíma. Jean Louis Mahé er smám saman að bæta við nýjum töskum og í sumar kom fyrsta herrataskan á markað sem reyndar hentar öllum. Þetta er bakpokinn Kong sem er með tvöfalt tölvuhöf.

Fljótlega komst ég í tengsl við fjölskyldufyrirtækið Fantôme (draugur) í Bordeaux sem notar eingöngu endurunnar reiðhjólslöngur í sínar töskur. Efninu er safnað í Frakkland og allt hugsað til þess að flytja sem minnst milli stada til þess að menga minna. Sumum finnast töskurnar frá Fantôme herralegar en það eru ýmsar gerðir og stærðir. Hjá fyrirtækinu eru fimmtíu og tvö prósent viðskiptavina konur en hjá mér eru það ekki nema 30-40 prósent. Mér finnst þessi still passa svo vel við Ísland. Töskurnar þola rok og rigningu, bara að þurrka af þeim þegar inn er komið og þær eru eins og nýjar! Nú er Fantôme-fyrirtækið farið að framleiða sokka og boli úr lífrænni bómull sem verða á næstunni til sölu hjá mér.

Camille er Parísardaman holdi klædd. Eftir að hafa starfað lengi í textíliðnaðinum fyrir stór fjöldaframleiðslumerki og búa í



Jean Louis Mahé er hágæða vegan-framleiðsla sem einkennist af klassískum og fág- uðum stíl en það er Virginie Barbier sem er á bakvið nafnið. Ung vandist hún hjá ömmu sinni og afa á Bretagne-skaga að virða umhverfið og hefur það búið undir niðri alla tíð og á endanum varð til þess að Jean Louis Mahé varð til. Zebra er hliðartaska fyrir allt það helsta sem til þarf í daglegu lífi með axlaról sem má krossa yfir líkamann. Taskan er úr vegan-leðri gert úr „míkro-fiber-“ þráðum og bómull.

nokkur ár á Indlandi kom Camille Vial aftur til Frakklands og vildi breyta tiskuheiminum eftir allt það sem hún hafði séð. Hún fór að hanna vegantöskur og hjá Camille er umhverfisvernd alltaf í fyrsta sæti. Þess vegna er plast bannvara hjá þessu litla tiskuhúsi sem hún rekur með bróður sínum Raphael. Camille hannar þrjár tiskulínur og ein þeirra meðal annars úr veganleðri sem er gert úr blöðum af ananas sem er einstaklega sterkt og létt efni.

Kweder er Ítalinn í hópnum, nánar tiltekið frá Sikiley. Það eru systurnar þrjár, Naife, Amira og Jamila Kweder, sem hanna og framleiða með aðstoð fagmanna á Sikiley, enn og aftur með það í huga að allt sé gert án mikilla fjarlægða og flutninga sem mengar. Töskurnar frá Kweder eru algjörlega handgerðar. Kweder-systurnar eru að komast á flug því breska Vogue hefur skrifað um þær.“

HEIT AUGNATILLIT Á SIGNUBÖKKUM

Bergþór er fæddur og uppalinn í Vestmannaeyjum og hann gifti sig í Landakirkju fyrir rúmum tveimur árum. Hvernig kynntust þið, þú og Olivier Francheteau? „Þetta var einn sunnudag fyrir margt löngu, í ágúst 2005, það vildi enginn fara í síðdegisgöngu í sólinni þó að lítið væri eftir af sumrinu og því fór ég einn niður á Signubökkum. Þar fórum við

að gefa hvor öðrum auga. Reyndar sagði ég ekki frá því fyrr en mörgum árum seinna að ég hélt að ég kannaðist við Olivier sem varð til þess að þessi augnatillit hófust. En það var misskilningur hjá mér. Svo fór hann og ég hafði ekkert betra að gera en að elta. Upphófst þá leikritið „Köttur og mús“ alla leið heim til Oliviers sem bjó í nágrenni við Ráðhús Parísar, Hôtel de Ville.

Við útidyrnar hikaði Olivier en á síðustu stundi bauð hann mér inn. Aðdáandi Bjarkar frá fyrstu sólóplötu 1993, hugsaði hann þegar ég sagðist vera frá Íslandi: þetta er maður lífs míns! Olivier er Hrútur og setur undir sig höfuðið og stefnir fram á við. Ég er Tvíburi og þarf alltaf að hugsa mig um tíu sinnum. Fyrir honum var þetta afskaplega einfalt og tveimur mánuðum seinna þegar foreldrar hans fögnuðu fjórutíu ára brúðkaupsafmæli sínu vildi Olivier að ég kæmi með. Ég hélt nú ekki, var alls ekki viss í minni sök en lét undan og hittu því alla fjölskylduna á einni helgi. Frá þessu höfum við ekki slítið sambandinu einn einasta dag og verða tíu ár í október frá því að við gengum í staðfesta samvist. Hrúturinn hafði því hugsanlega rétt fyrir sér, hvað veit ég, maður efans.

Eftir tíu ár saman fórum við í framhaldi af breytingum á hjúskaparlögum í Frakklandi 2013 að huga að giftingu. Í fyrstu hikandi yfir því hvernig þetta ætti að verða, hugsanlega

„Neytendur geta hér skipt sköpum hvort sem við tölum um að minnka kjötneyslu, borða lífrænt ræktaðar afurðir án eiturefna, versla í nálægð til þess að flytja ekki heimsálfa á milli það sem hægt er að rækta í næsta nágrenni. Nákvæmlega sama á við um fataiðnað, tískuhönnun og aðra hönnun.“

Camille býður upp á þrjár tóskulínur. Ein línan úr veganleðri sem unnið er úr ananasblöðum, önnur úr umhverfisvænu vegan-leðri og þriðja línan eins og hliðartaskan á myndinni úr svokölluðu „Jacquard“ bómullarblöndu.



í tveimur hlutum, í Nice og á Íslandi því 2010 fórum við frá París. Mér til undrunar stakk Olivier upp á því að gera þetta bara á Íslandi. Við héldum því heim með tuttu og tvo Frakka í farteskinu. Þetta var gríðarlega vel heppnað og algjör ævintýraferð fyrir Frakkana. Ég vildi endilega að kvenprestur gifti okkur enda femínistar löngum verið í vínahópi mínum og því kom Jóna Hrönn Bolladóttir í helgarferð til þess að sjá um athöfnina, hún hafði verið aðstodarprestur í Eyjum þegar Bjarni Karlsson, maður hennar, var prestur þar svo ég kannaðist við hana. Svo var fagnað á Slippnum sem var ógleymanlegt.“

ÓLÍKIR EN SAMSTÍGA

Olivier er innanhússhönnuður. Hvernig fara starfsgreinar ykkar saman? „Við erum á mjög ólíkum slóðum þó auðvitað megi kannski segja að leit mannsins að fallegu umhverfi eða tisku tengist að einhverju leyti,“ segir Bergþór. „Tengingin kemur einnig til af því að við erum alltaf að vinna að því að kynna okkur og reyndum því að fara víða, þiggja boð á opnun sýninga eða á viðburði þar sem mögulegt er að kynnast fólki sem er í viðskiptalífnum eða framtíðarviðskiptavinir. Þetta er mikil mauravinna og þarf að ná í hvern einstakling, einn og einn í einu. Olivier hefur mikinn áhuga á því myndræna og sér því að stórum hluta um kynningu fyrir mig, velur myndir á Instagram og Facebook, ákveður hvernig uppbygging á síðunum á að vera og velur liti. Hann hefur því nóg að gera, annars vegar með sitt eigið fyrirtæki og svo hjálpar hann til hjá mér. Ég elda þá eitthvað á meðan svo það finnur hver sitt jafnvægi í þessu fyrirkomulagi. Hann vinnur mikið með liti, blandar saman heitu og köldu, reynir að blanda saman tímabilum, oft með einhverri sögu. Olivier er ekki mikið fyrir að hafa allt of látlaust umhverfi og fyrir honum er hvítt ekki litur. En best er auðvitað að kíkja á síðuna hans, www.olivierfrancheteau.com.“

Eitthvað hefur heyrst hingað til Íslands um áhuga þinn á eldamennsku. Er Frakkland ekki gósenland einstaklings sem hefur gaman af að elda og áhuga á tisku og hönnun?



Hliðartaska frá Camille úr umhverfisvænu vegan-leðri og fóðri úr endurunnu pólýester og lífrænni bómull. Camille kom eftir dvöl í Indlandi, vildi breyta tiskunni og siðvæða aðeins. Hún hafði unnið fyrir stóra fataframleiðendur og séð eitt og annað sem henni fannst ótækt enda flestum kunnugt hvernig tiskuframleiðsla fer fram víða í Asíulöndum með tilheyrandi mengun og vanvirðingu við starfsfólk.

„Auðvitað er allt til alls til eldamennsku í Frakklandi og úrvalið ótrúlegt. Verðið fer einnig eftir því hver gæðin eru þó að það líkist ekki íslensku verðlagi. Almennungur verslar allt of mikið í stórmörkuðum og kaupir eftir verði en ekki gæðum. Varla líður sú vika að ekki er talað um nýjar og nýjar rannsóknir á matvælum sem innihalda eiturefni, of mikinn sykurla eða einhver önnur aukefni. Það eru varla til jarðarber hér í landi án skordýraeiturs og ef ég man rétt eru oft á og tíðum ein 16-17 skordýraeitur í epli og sama mætti segja um svo margt annað, ávexti, grænmeti og fleira og fleira. Ástandið er aðeins skárra ef verslað er í búðum sem selja lífrænar vörur eða beint hjá framleiðendum sem ábyrgjast að nota ekkert skaðlegt í sinni ræktum. Ég fer enda á milli í Nice í hverri viku til að sækja pöntunina mína, beint frá býli. Þarna liggur einmitt hundurinn grafinn, hvort sem við ræðum um tisku, hönnun eða matargerð. Allt okkar líf er svo sjúkt af ofneyslu, ofnotkun á eiturefnum og mengun sem eingöngu er hægt að rekja til vestrænna lífnaðarháttanna. Frakkland ætti að vera paradís tisku, hönnunar og matargerðar en hefur eins og flest önnur lönd látið umhverfi og velferð manna og dýra víkja.“

Hvernig sérð þú framtíðina fyrir þér,

hvað tisku varðar í ljósi þess að kröfur um umhverfisvernd og vandaðri viðskiptahætti verða sífellt háværari „Svei mér þá á vondum degi efast ég um að við vöknum áður en það verður um seinan. Svo koma dagar þegar ég hef trú á því að þeir sem eru meðvitaðir um afleiðingar tilveru okkar og hversu skemmd jörðin er nái eyrum almennings og við náum stjórn á umhverfismálum. Við þurfum að bregðast við núna annars verður það of seint. Neytendur geta hér skipt sköpum hvort sem við tölum um að minnka kjötneyslu, borða lífrænt ræktaðar afurðir án eiturefna, versla í nálægð til þess að flytja ekki heimsálfa á milli það sem hægt er að rækta í næsta nágrenni. Nákvæmlega sama á við um fataiðnað, tískuhönnun og aðra hönnun. Hvað varðar viðskiptahætti þá breytast þeir hægt en breytast þó. Enn er langur vegur frá því að mannréttindi og vinnuumhverfi sé virt víða í fátækari löndum sem svo oft framleiða allan þann fatnaði sem við notum. En við tókum hænuskref fram á við og það þýðir ekki að gefast upp. Getum við látið jörðina í hendur næstu kynslóðar í þessu ástandi?“ spyr hugsjónamaðurinn Bergþór að lokum.